

**Ed.**

**222. L Ö G**

um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Afgreidd frá Ed. 30. júlí).

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landsjóði, 1 krónu fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 2 krónur á ári, en kvenmaður 1 krónu.